

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ólafsfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 989/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „janúarmánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 10. gr. samþykktarinnar kemur tveggja mánaða.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 52. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Bæjarráð fer með mál er varða atvinnulíf og uppbyggingu þess.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. samþykktarinnar:

a. C-hluti greinarinnar verður svohljóðandi:

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Búffjäreftirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálanefnd með málefni fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og með þjónustuhóp aldraðra. Einnig fer nefndin með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt nr. 96/2000 og skal hún vera ráðgefandi gagnvart bæjarstjórn í málefnum sem varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. *Sameiginleg barnaverndarnefnd*. Siglufjarðarkaupstaðar, Ólafsfjarðarbæjar og Dalvíkurkaupstaðar fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi um kosningu og rekstur á sameiginlegri barnaverndarnefnd.
5. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
6. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Um kosningu fulltrúa fer samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
8. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
9. *Kjörstjórnir við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 15/2000.

10. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningar- og ferðamálanefnd skal vinna að eflingu menningar, lista og ferðaþjónustu í Ólafsfirði og vera bæjarstjórn ráðgefandi í þeim efnum. Nefndin skal fara með málefni bókasafns bæjarins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 11. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulags- og umhverfisnefnd fer með skipulags- og byggingamál samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Jafnframt því fer hún með málefni náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 sem og verkefni gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin fer einnig með lögboðin verkefni umferðarnefndar skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá fer nefndin með stjórn og eftirlit búfjárhalds, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka vargfugls og sjúkdómavarnir.
 12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 13. *Stjórn Hornbrekku*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 14. *Stjórn veitustofnana*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í stjórn hita- og vatnsveitu.
 15. *Tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tómstundanefnd skal vinna að eflingu íþróttar- og æskulýðsstarfs í Ólafsfirði og hafa í því sambandi samráð við þá aðila sem um slík mál fjalla.
 16. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnið lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.
 17. Bæjarstjórn kýs í ýmsar aðrar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum og/eða samstarfssamningum við aðra aðila.
- b. D-hluti greinarinnar fellur brott.

5. gr.

1. mgr. 66. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Forstöðumenn ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. í samráði við sviðsstjóra eða fagnefndir þar sem það á við, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett, og veitir þeim lausn frá störfum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Lárus Bollason.